

Alþingi  
Erindi nr. P 139/366  
komudagur 24.11.2010



Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010110018/50.11  
Verknúmer: 1227000

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál

Orkustofnun hefur borist erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á vörþingi þessa árs og veitti Orkustofnun umsögn um frumvarpið með erindi, dags. 14. maí 2010. Í athugasemdum við frumvarp það sem nú er óskað umsagnar um segir m.a. eftirfarandi: „Við gerð frumvarpsins hefur eins og unnt er verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram í umsögnum framangreindra aðila og gerðar viðeigandi breytingar á frumvarpinu í samræmi við þær athugasemdir og ábendingar, m.a. eftirtalдар breytingar: Litils háttar breytingar eru gerðar á skilgreiningum í 3. gr. frumvarpsins, verksvið Fiskistofu til eftirlits aukið að tilteknu marki og kveðið á um tiltekna upplýsingaskýldu til Matvælastofnunar, bætt hefur verið við frumvarpið umsagnaraðilum og tryggð aðkoma sveitarstjórna sem umsagnaraðila við ýmsar ákvarðanir samkvæmt frumvarpinu og Sambands íslenskra sveitarfélaga við samningu stjórnvaldsfyrirmæla, bætt hefur verið við frumvarpið tilteknum ákvæðum í því skyni að auka eða tryggja öryggi sjófarenda og áréttað viðmið um forgang tilraunaleyfishafa að ræktunarleyfi á tilraunaleyfissvæði að tilraunaleyfistíma loknum.“

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og fagnar því að tekið hafi verið tillit til einstakra ábendinga stofnunarinnar sem fram komu í framangreindri umsögn hennar frá 14. maí 2010. Að öðru leyti vísar Orkustofnun almennt til annarra athugasemda sem fram koma í umræddri umsögn stofnunarinnar og gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
f. h. orkumálastjóra

  
Lárus Ólafsson  
yfirlögfræðingur